

Greinargerð / athugasemdir með könnun
um menningarþörf íbúa og nýtingu á
félagsheimilum í Dalabyggð

Menningarmálanefnd Dalabyggðar

Könnun og úttekt menningarmálanefndar

Þann 4. mars 2021 lagði menningarmálanefnd Dalabyggðar fram könnun um menningarþörf íbúa og nýtingu félagsheimila í Dalabyggð. Könnunin var auglýst á heimasíðu Dalabyggðar, Facebook-síðu Dalabyggðar og dreift á íbúasíðu. Könnunin var opin til 23. mars 2021 og fengust 69 þátttakendur, ekki var skylda að svara einstaka spurningum.

Samhliða könnuninni var unnin úttekt á rekstri félagsheimilanna í Dalabyggð síðastliðin 5 ár og ákveðin samlestur tekin milli niðurstaðna könnunarinnar og þeirrar úttektar.

Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður úr könnuninni sem nefndin telur tilefni til að vinna frekar með og þá er einnig farið yfir tillögur vegna úttektarinnar.

Könnun - menningarþörf

Meðal helstu niðurstaða var að 41,1% svarenda við spurningu um framboð menningar og menningarviðburða í sveitarfélaginu sögðu að það væri takmarkað eða mjög takmarkað á meðan 29,4% sögðu það gott eða mjög gott.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvað vantaði, mætti auka eða leggja meiri áherslu á var mikill samhljómur með hugmyndum þeirra:

- Leiklist/leiksýningar
- Kórar/sönghópar/
- Vinna með söguna/sögugöngur/sögustundir
- Tónleikar/tónlistarfólk/böll/dansleikir/sveitaböll
- Meiri fjölbreytni/meiri dreifing viðburða yfir árið/meira af minni viðburðum
- Þátttaka heimamanna/þátttaka við að halda viðburði/meiri jákvæðni
- Sýningar með hverskonar list

Það er greinilegt að þarna eru sóknarfæri fyrir fólk sem vill taka sig saman og framkvæma eitthvað í tengslum við menningu í Dalabyggð, ekki síst þegar horft er til þess að af þeim 67 sem svöruðu spurningu um hvort þeir myndu taka þátt í að setja upp menningarviðburð í Dalabyggð sögðu 52,2% já. Hugmyndir sem voru nefndar þar voru t.d. að taka þátt í klúbbastarfi, leiklist, kór eða annars konar samsöngur, námskeið, pub quiz, bingó, kaffihúsakvöld, sýningar, tónlist/tónleikar, böll og ýmislegt fleira. Óhætt er að segja að áhugasviðið er fjölbreytt sem gefur mikil og fjölbreytt tækifæri.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvernig þeim fyndist sveitarfélagið vera standa sig í að standa fyrir menningarviðburðum og styðja við menningu voru 19,1% af 68 svarendum á því að sveitarfélagið væri að standa sig illa eða mjög illa en 32,4% sögðu það vera standa sig vel eða mjög vel. Nær helmingur svarenda eð 48,5% sögðu sveitarfélagið vera standa sig hvorki né. Í þessu samhengi vill nefndin skerpa á því framlagi sem sveitarfélagið leggur til menningarmála.

Þar má nefna afslættir og niðurfelling húsaleigu á félagsheimilum til félagasamtaka, samningar um afnot af húsnæði til handa félagasamtökum, aðstoð frá starfsmönnum við undirbúning, skipulag og frágang kringum viðburði auk fjármagns til bæjarhátíða og hátíðarhalda líkt og 17. júní. Það er sérstaklega tekið fram í gjaldskrá félagsheimilanna að heimilt sé að víkja frá gjaldskrá ef áhugamannafélög og stofnanir sveitarfélagsins eiga í hlut og veita allt að 50% afslátt. Eins er ekki rukkuð húsaleiga vegna fjáröflunarviðburða skóla eða félagasamtaka í heimabyggð (á ekki við um dansleiki). Í slíkum tilvikum er aðeins greitt fyrir þrif/ræstingu. Þar fyrir utan má telja rekstur sveitarfélagsins á fjórum félagsheimilum síðastliðin 5 ár sem hefur talið á yfir 50.000.000 kr.-

Þá voru þátttakendur spurðir annars vegar hvað þyrfti til að þeir tækju þátt í að setja upp menningarviðburð og hins vegar hvernig sveitarfélagið gæti stutt frekar við menningu og menningarviðburði. Svörin voru nokkuð áþekkt, þ.e. það þyrfti að efla samstarf, bjóða upp á styrki, að þátttakendur hefðu tíma, einhver væri fenginn til að sjá um skipulagið, að talað væri við heimamenn, að kosta auglýsingar á viðburðum, að hafa eða bjóða hentugt húsnæði, afsláttur af húsnæði fyrir þá sem vilja gera eitthvað.

Í tengslum við þessi svör vill menningarmálanefnd minna á hugmynd nefndarinnar um menningarmálaverkefnasjóð þar sem hægt væri að senda inn umsóknir um styrki til menningarmálaverkefna í Dalabyggð. Nefndin hefur lýst yfir vilja til að vinna áfram með hugmyndina með það að markmiði að hægt verði að stefna að fyrstu úthlutun 2022 og hefur vísað því til byggðarráðs að gera ráð fyrir verkefninu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs (sjá fundargerð 12. fundar menningarmálanefndar frá 17.11.2020, dagskrárliður 2).

Þá verður að teljast ánægjuefni að af 67 svarendum við spurningu um hvort það hefði áhrif á þátttöku þeirra í menningarviðburðum, hvar þeir fara fram í Dalabyggð, þá var meirihlutinn eða 53,7% sem sögðu nei.

Heilt yfir er menningarmálanefnd mjög ánægð með útkomuna úr þessari könnun og ljóst er að það er töluverður áhugi hjá íbúum að fá tækifæri til að taka þátt í að koma að skipulagningu, uppsetningu og beinni þátttöku í menningarviðburðum. Í slíkum áhuga er falið mikið verðmæti sem nefndin vill fylgja eftir.

Eftirfarandi eru tillögur og aðgerðir nefndarinnar til að ná betur utan um þann áhuga íbúa sem endurspegladist í könnun nefndarinnar:

“Menningarmálanefnd vísar því til byggðarráðs að fela tórstundafulltrúa að vinna með nefndinni að því að kveikja líf í glæðum þeirra klúbba og félaga sem þegar eru til á svæðinu og ef þurfa þykir að koma á fót vettvangi sem getur stuðlað að aukinni starfsemi slíks félagsskapar í sveitarfélaginu.”

Það væri t.d. hægt að framkvæma með því að bjóða íbúum á fund eða í spjall um hvað þeim langar til að taka þátt í og í framhaldi af því, væri hægt að vinna áfram með þau verkefni sem hljómgrunn hljóta.

Aðrar aðgerðir:

- Menningarmálanefnd sendir hvatningu til þeirra sem eru í forsvari félagasamtaka og klúbba í sveitarfélaginu um að vera sýnileg og bjóða nýja þátttakendur velkomna.
- Menningarmálanefnd hvetur íbúa til að taka af skarið og standa fyrir minni viðburðum eða skoða hvort einhverjir hafi áhuga á að koma í sveitarfélagið, það þarf ekki að kosta miklu til í t.d. leshring, hittast á kaffihúsi, láta listamenn vita af svæðinu, hittast og syngja saman, fara saman í gönguferðir, bjóða í pub quiz eða annað t.d. á netinu, hittast og spila, jóga o.s.frv.
- Menningarmálanefnd tekur ábendingum, um að reyna að dreifa viðburðum sem sveitarfélagið stendur fyrir, betur yfir árið og hefur það í huga við frekari skipulagningu viðburða.
- Menningarmálanefnd tekur ábendingum um að skoða betur hvernig megi nýta tæknina til menningarviðburða, slíkt heppnaðist með ágætum t.d. þegar rithöfundar lásu upp úr bókum sínum fyrir jólin.
- Menningarmálanefnd skoðar hvort hægt verði að fá aðila til að vera með námskeið í sveitarfélaginu þegar aðstæður vegna heimsfaraldurs leyfa.
- Menningarmálanefnd tekur ábendingum um að gæta að því að ákveðnir aldurshópar verði ekki út undan hvað varðar viðburði t.d. á bæjarhátíðum og huga betur að úrvali viðburða fyrir alla aldurshópa.
- Menningarmálanefnd opnar frekar á samtali milli nefndarinnar og íbúa og hvetur þá sem hafa hugmyndir og vita ekki í hvaða farveg eigi að beina henni að hafa samband við nefndarmenn eða verkefnastjóra Dalabyggðar. Nefndin er opin fyrir öllum hugmyndum sem geta leitt til þess að styrkja menningarstarf í sveitarfélaginu.

Könnun - félagsheimili

Samhliða menningarþættinum var einnig spurt um félagsheimilin í Dalabyggð í könnuninni.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu leigt félagsheimili í Dalabyggð á síðustu 5 árum kom fram að meirihluti þeirra sem svöruðu höfðu leigt félagsheimili fyrir einkasamkvæmi og næst á eftir komu þeir sem höfðu leigt félagsheimili á vegum félagasamtaka eða klúbba.

Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeir sæju fyrir sér einhverja leið til að auka nýtingu á félagsheimilum í Dalabyggð og einnig hvort þeir sæju fyrir sér aukna nýtingu án skerðingar á núverandi starfsemi þeirra. Tillögur þátttakenda voru mjög áhugaverða og telur nefndin að skoða megi þær frekar. Þær voru allt frá því að selja einhver þeirra eða öll yfir í það að byggja upp heilsárs starfsemi í þeim, hvort sem sveitarfélagið stæði að þeim rekstri eða einkaaðilar.

Úttekt á rekstri félagsheimila í Dalabyggð 2016-2020

Eins og áður segir var unnin úttekt á rekstri félagsheimilanna í Dalabyggð, þ.e. notkun, viðburðum, tekjum, gjöldum og frírri notkun (eftirgjöf á húsa- og aðstöðuleigu).

Meðal helstu niðurstaða er að bókaðar tekjur sl. 5 ár hafa verið rétt yfir 14,6 milljónum. Mesta nýting samkvæmt bókaðri notkun hefur verið á Dalabúð, því næst Árbliki og loks Tjarnarlundi og Staðarfell minnst. Kostnaður vegna launa, aðfangakaupa og verkkaupa sl. 5 ár hefur verið rétt yfir 47,5 milljónum, það er þá m.a. öll launatengd gjöld, heitt vatn, rafmagn, hreinlætisvörur, ræstingar, lausafjártryggingar og heilbrigðiseftirlitsgjald. Við þá upphæð bætast svo rétt yfir 18,7 milljónir vegna trygginga og fasteignagjalda. Farið var yfir greidda viðburði og fría, samkvæmt skráningum munar ekki miklu á fjölda þeirra en sá fyrirvari er gerður að ekki er öll frí notkun skráð t.d. þegar afnot af húsnæði er inni í samningum við félagsamtök eða klúbba og frí notkun aðeins áætluð í samningum við þá aðila. Þeir viðburðir sem gefa mest er þegar allt húsið er tekið á leigu, nefndin bendir á að það getur skapað vandamál ef t.d. lítill salur er leigður með eldhúsi á sama tíma og stór salur er leigður með eldhúsi. Það virðist ekki vera neitt sérstakt mynstur á því hvort félagsheimilin séu rekin innan fjárhagsáætlunar ár hvert eða ekki. Mesta notkun hefur verið yfir sumartímamann utan þess að í Dalabúð er Auðarskóli með nýtingu yfir vetrartímamann og á Staðarfelli eru þorablót helstu viðburðir sem haldnir eru þar. Sl. 5 ár hafa verið 204 greiddir viðburðir í félagsheimilum í Dalabyggð, það gera að meðaltali um 40 viðburði á ári. Sé greiddum viðburðum deilt í samanlagðan rekstrarkostnað hefði hver viðburður þurft að kosta um 325.115 kr.- til að standa undir þeim kostnaði.

Eftir yfirferð á þessu málaflökk er ljóst að rekstur fjögurra félagsheimila er dýr og því mikilvægt að reynt sé að finna flöt á aukinni nýtingu/starfsemi sem samræmist að einhverju leyti því hlutverki sem þau hafa í dag. Það er einnig mjög áhugavert að stór hluti núverandi notkunar er niðurgreiddur af sveitarfélaginu, sem frí húsaleiga/afnot fyrir ýmis menningarverkefni. Þess má geta að frí afnot sem eru innifalin í samningum við félagsamtök og klúbba í sveitarfélaginu voru ekki talin með í úttektinni þar sem ekki er skráð hvert skipti sem aðstaða er notuð heldur aðeins kveðið á um áætlaða notkun í samningum.

Eftirfarandi eru tillögur og aðgerðir nefndarinnar til að ná betur utan um aukna nýtingu félagsheimila í Dalabyggð:

“Menningarmálanefnd samþykkir að efna til hugarflugsfunda í hverju félagsheimilanna í samvinnu við sveitarstjórn og aðra hagsmunaaðila félagsheimilanna, um tillögur að starfsemi fyrir hvert félagsheimili. Niðurstöður þeirra funda verði notaðar til að vinna að hugmyndum um framtíðarnotkun þeirra og hvort skuli stefna að uppbyggingu einhvers rekstrar í þeim af hálfu sveitarfélagsins og/eða einkaaðila. Þessir fundir fari fram í apríl 2021 (með fyrirvara um aðstæður vegna heimsfaraldurs), þeir verði haldnir í hverju félagsheimilanna og hefjist með kynnisferð um húsnæðið. Nefndin fær verkefnastjóra Dalabyggðar ásamt menningarfulltrúa SSV til að aðstoða við framkvæmd fundanna og frumúrvinnslu á niðurstöðum af þeim.”

Markmið með þessari vinnu er að fá sem fyrst skýra mynd á hvort og hvernig best sé að koma fyrir annarskonar rekstri í einhverjum þessara fjögurra félagsheimila, til lengri tíma.

SSV hét ráðstefnu á síðasta ári um rekstur félagsheimila og m.a. voru sýnd nokkur dæmi um breytta nýtingu á nokkrum félagsheimilum á Vesturlandi. Þess vegna telur nefndin gagn að því

að menningarfulltrúi SSV komi að þessum fundum og fari stuttlega yfir niðurstöðu ráðstefnunnar og sýni nokkur dæmi sem vel hafi heppnast.